

Sveigjanlegri vinnudag svo þingmenn Bjartrar framtíðar geti sofið lengur



verkefnabakka þingmanna.

Skiptar skoðanir eru á klukkutillögu Bjartrar framtíðar. Yfirlæknir Vinnuefirlitsins segir það engu breyta nema að auka þotupreytu á meðan Geðhjálp telur breytingar á klukkunni hjálpa til í glímunni við þunglyndi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi á dögunum þingsályktunartillögu Bjartrar framtíðar um seinkun klukkunnar til umsagnar. Sitt sýnist hverjum um ágæti tillögunnar og mikilvægi málsins nú þegar stór mál um heimili og efnahag landsins fylla

Í greinargerð tillögunnar segir að klukkan á Íslandi hafi frá árinu 1968 verið rangt skráð, því sumartími sé yfir allt árið. Með því að seinka klukkunni um eina klukkustund megi fækka myrkum morgnum til muna. Morgnarnir verða bjartir langt fram í nóvember og byrja aftur að verða bjartir síðari hluta janúar.

Yfirlæknir Vinnuefirlitsins [er lítt hrifinn af tillögunni](#). Hann segir að það sé sitt álit að það að leggja í þá vinnu og breytingu sem þessi tillaga gerir ráð fyrir sé ekki til þess fallin að breyta líðan fólks eða hvað þá að hafa áhrif á á lyfjanotkun almennings sem er aðeins meiri en Norðurlandabúa.

Þetta mun auka algengi þess að við fáum þotupreytu því ef fólk fer að lifa eftir þessu þá verður þotupreyta bæði til Bandaríkjanna og Evrópu. Áhrif af því að hringla í klukkunni er engin. Leggjum frekar áherslu á sveigjanlegri skóla og vinnudag, þannig að þingmenn Bjartrar framtíðar get sofið lengur á morgnana og vaknað við bjartari skilyrði, sem vissulega mörgum okkar þykir gott.

Samtök atvinnulífsins vilja aftur á móti færa klukkuna á sama tíma og í Evrópu þannig að tímamismunur milli Bretlands og Íslands verði ein klukkustund allt árið. Með þessu verði sami tímamismunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda stærstan hluta ársins.

Landssamtökin Geðhjálp lýsa einnig yfir stuðningi við tillöguna og segja hana geta orðið til þess að bæta líðan og svefnvenjur fólks með geðraskanir og alls almennings, og jafnvel orðið til þess að spara útgjöld í heilbrigðiskerfinu.